

9. fundur sveitarstjórnar Fljótshrepps, Végarði 16.11 2010, kl. 16.00

Mætt voru Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jóhann Þórhallsson og Lárus Heiðarson, Þorvarður Ingimarsson var væntanlegur.

Oddviti setti fund kl. 16.10

Dagskrá:

1. Kjörskrá fyrir stjórnlagabingskosningar 27. nóvember

- a) Bréf Þjóðskrár Íslands dags. 20.10,
- b) Kjörskrárstofn 6. nóvember, ásamt fylgigögnum.

2. Málefni Héraðsskjalasafns Austfirðinga

- a) Bréf dags. 10.11, ásamt ársreikningi 2009, fjárhagsáætlun 2011 og ársskýrsla 2009, afhendingarskrá og fundargerðir
- b) Bréf dags.08.11, ásamt fylgigögnum

3. Málefni Skólaskrifstofu Austurlands

- a) Aðalfundarboð ,tilnefning fulltrúa og varafulltrúa Fljótshrepps
- b) Drög að nýjum samningi um Skólaskrifstofuna
- c) Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands 10.11

4. Málefni Minjasafns Austurlands

- a) Aðalfundarboð dags. 18.10, tilnefning fulltrúa og varafulltrúa Fljótshrepps
- b) Endurskoðun samstarfssamings

5. Bréf

- a) Umhverfisstofnun 29.10
- b) Velferðarvaktin 25.10
- c) Fiskistofa 15.09
- d) Umhverfisstofnun dags. 11.10
- e) EBÍ Brunabót dags. 12.10
- f) Félag safna og safnmanna dags 20.09
- g) Þorsteinn Pétursson dags 08.11
- h) Landsvirkjun dags. 10.11

6. Umhverfisstyrkir

- a) Þóhallur Þorsteinsson, upplýsingar
- b) Þorvarður Ingimarsson og Sólveig Ólafsdóttir
- c) Guðmundur Pétursson og Anna Jóna Árnarsdóttir

7. Fjárbæðir

Stígamót

8. Fundargerðir

- a) Aðalfundur HAUST 06.10, ásamt skýrslu stjórnar
- b) Minjasafn Austurlands 14.10
- c) Skólaskrifstofa Austurlands 16.09
- d) Fundargerð Héraðsforeldra 13.10, ásamt ályktun
- e) Dvalarheimili aldraðra 20.10
- f) Byggingarnefnd Fljótshrepps 16.10

9. Önnur mál

1. Kjörskrá fyrir stjórnlagabingskosningar 27. nóvember

Bréf frá 20.10.2010 kynnt. Yfirfarin kjörskrárstofn, á kjörskrá eru 72. Engar athugasemdir gerðar, oddvita falið að undirrita og auglýsa framlagða kjörskrá. Kjörskráin liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins í Végarði til kjördags.

2. Málefni Héraðsskjalasafns Austfirðinga

- a. Bréf dags. 10.11, ásamt ársreikningi 2009. Boðað er til aðalfundar Héraðsskjalasafnsind á Fáskrúðsfirði 25.11.2010. Fulltrúi Sveitarfélagsins verður Sigmar Ingason, varamaður er Sólveig Ólafsdóttir.
- b. Fjárhagsáætlun 2011. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að hlutur Fljótsdalshrepps verði kr. 775.343. Samþykkt.
- c. Ársskýrsla 2009, afhendingarskrá og fundargerðir. Kynnt.
- d. Bréf dags.08.11, ásamt fylgigögnum. Bréf þar sem kynntar eru nýjar reglur um Bókasafn Halldórs Ásgrímssonar og Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur. Framlög til bókasafnsins nema nú 7% af árlegum framlögum sveitarfélagana, stjórn bókasafnsins hefur verið lögð niður og stjórn Héraðsskjalasafnsins fer nú með stjórn bókasafnsins.

3. Málefni Skólaskrifstofu Austurlands

- a. Aðalfundarboð ,tilnefning fulltrúa og varafulltrúa Fljótsdalshrepps. Aðalfundurinn verður haldin á Reyðarfirði 7. desember. Gunnþórunn Ingólfssdóttir verður fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum og Jóhann Þórhallsson til vara.
Þorvarður mætti til fundar kl. 16.45
- b. Drög að nýjum samningi um Skólaskrifstofuna. Samþykkt að fela oddvita að undirrita drögin fyrir hönd sveitarfélagsins.
- c. Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands 10.11. Kynnt.

4. Málefni Minjasafns Austurlands

- a. Aðalfundarboð dags. 18.10, tilnefning fulltrúa og varafulltrúa Fljótsdalshrepps. Aðalfundurinn verður haldinn á Egilsstöðum 25. nóvember. Þórdís Sveinsdóttir tilnefnd sem fulltrúi sveitarfélagsins og Gunnar Jónsson til vara.
- b. Endurskoðun samstarfssamings. Sveitarstjórn ítrekar áður gerðar athugasemdir við drögin hvað varðar, að árleg framlög aðildarsveitarfélaga til safnsins miðast aðeins við skatttekjur, en stjórn, eignir og ábyrgir miðast við fólksfjölda aðildarsveitarfélaganna.

5. Bréf

- a. Umhverfisstofnun 29.10. Úttekt Umhverfisstofnunar á framkvæmd skilyrða í úrskurði umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar frá 20. des 2001. Kynnt.
- b. Velferðarvaktin 25.10. Áskorun frá Velferðarvaktinni um aðgæslu þegar ákvarðanir eru teknar í hagræðingarskyni.
- c. Fiskistofa 15.09. Fiskistofa minnir á umsagnarhlutverk sitt vegna framkvæmda við ár og veiðivötn.

- d. Umhverfisstofnun dags. 11.10. Umhverfisstofnun veur athygli á að í frumvarpi til fjárlaga 2011, er ekki gert ráð fyrir neinum fjármunum til endurgreiðslu vegna refaveiða.
Sveitarstjórn mótmælir þessum áformum og skorar á ríkistjórn að endurskoða þessa ákörðun.
- e. EBÍ Brunabót dags. 12.10. Tilkynning um ágóðahlut ársins , hlutur Fljótsdalshrepps er kr. 123.000-
- f. Félag safna og safnmanna dags 20.09. Kynning á íslensku safnastarfi. Kynnt.
- g. Þorsteinn Pétursson dags 08.11. Varðar hugmyndir Þorsteins um frágang vatnsveitu, fráveitu og nýrrar heimreiðar í Víðivallagerði. Óskar hann eftir aðkomu sveitarfélagsins að þessum málum. Verður skoðað með hliðsjón af því sem áður hefur verið gert, hvað varðar aðkomu sveitarfélagsins.
- h. Landsvirkjun dags. 10.11. Varðar upplýsingar um staðarvísa og upplýsingaskilti Fljótsdalsstöðvar innan sveitarmarka Fljótsdalshrepps. Kynnt.

6. Umhverfisstyrkir

- a. Þóhallur Þorsteinsson, upplýsingar. Samþykkt umsókn.
Þorvarður vék af fundi.
- b. Þorvarður Ingimarsson og Sólveig Ólafsdóttir. Samþykkt umsókn.
Þorvarður kemur aftur inn
Anna Jóna vér af fundi
- c. Guðmundur Pétursson og Anna Jóna Árnarsdóttir. Samþykkt umsókn.
Anna Jóna kom aftur til fundar.

7. Fjarbeiðnir.

Stígamót. Hafnað.

8. Fundargerðir

- a) Aðalfundur HAUST 06.10, ásamt skýrslu stjórnar. Kynnt.
- b) Minjasafn Austurlands 14.10. Kynnt.
- c) Skólaskrifstofa Austurlands 16.09. Kynnt.
- d) Fundargerð Héraðsforeldra 13.10, ásamt ályktun. Kynnt.
- e) Dvalarheimili aldraðra 20.10. Kynnt.
- f) Byggingarnefnd Fljótsdalshrepps 16.10. Sveitarstjórn tekur undir bókun byggingarnefndar varðandi frágang námu við Kelduárlón. Þar kann að vera hættu fyrir umferð jeppa- og vélsleðamanna að vetri til.

10. Önnur mál.

- a) Jóhann vakti athygli á hættu fyrir vegfarendur við brúarsporði gömlu Jökulsárbrúar. Óskað verður eftir því við Vegagerðina að sett verði upp vegrið við báða enda brúarinnar.
- b) Sveitarstjórn hefur fengið afhentan nýjan upplýsingabækling frá Náttúrustofu Austurlands um hreindýr.
- c) Sveinn Þórarinsson hefur samþykkt að taka við stöðu byggingarfulltrúa Fljótsdalshrepps að nýju, þegar hann hefur lokið störfum sem eftirlitsmaður með byggingu skála við Laugarfell.

- d) Framkvæmdir standa yfir við neysluvatnlögn á Litlu-Grund.
- e) Oddvita falið að vinna áfram að því að eignir sveitarfélagsins sem ætlaðar eru til gistireksturs, þ. e. Laugarfellsskáli og gistihús við Végarð fái virðisaukaskattsnúmer. Í því sambandi verði skoðað hvort heppilegt sé að stofna einkahlutafélag um eignirnar.
Áhugi sveitarstjórnar snýr að því að leigja Laugarfellsskála til rekstur strax næsta sumar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 19.00

Lárus og Þorvarður rituðu fundargerð

Gunnþórunn Ingólfisdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)